

# Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 8.12.2021 kl.19.15

Fundur númer: 200

Mættir: Hilmar, Ágústa, Jonni (aðalmenn), Anita (varamaður), Benjamin (framkvæmdastjóri), Pura (skrifstofa), Valdimar (aðalmenn) og Emil Bjartur (varamaður) Vantar: Sigtryggur

## Dagskrá

1. Heimasíða
2. KÍ formannafundur
3. Toppstöðin
4. Hækkun gjaldskrár
5. Fjárhagsáætlun 2022
6. Árshátíð
7. Önnur mál

### 1. Heimasíða

Ný heimasíða og vefverslun komin í loftið.

### 2. KÍ formannafundur

Formannafundur síðasta mánudagur hjá KÍ, þar var samþykkt afreksáætlun sem var lögð fyrir fyrir næsta ár.

Áætlað annað Klifurþing í mars þar sem þarf meðal annars að ákveða hvaða félagagjald á að vera á hvern félagi til KÍ. Þá verður KÍ komin með meiri upplýsingar um hvað þau fá mikinn pening og hvernig reksturinn getur verið. Manneskja sem er skráð hjá okkar félagi verður að vera skráður í KÍ.

### 3. Toppstöðin

Föstudag kom samningur frá eignarsviði Reykjavíkurborgar varðandi þróun á Toppstöðinni, vonandi klárast þetta fljótlega eftir áramót.

Ben og Hilmar funda með eiganda Ármúla 23 til að athuga hvort það sé hægt að lengja leiguna á húsnæðinu, við þurfum lengri tíma til að flytja okkur í annað húsnæði. Ómar hjá ÍTR ætlar að tryggja það að við fáum húsnæði sem við getum verið í næstu 20 árin.

### 4. Hækkun gjaldskrár

Tillaga rekstrarstjóra um hækkun gjaldskrár samþykkt einhljóða, tillaga rekstrarstjóra um að hafa nemakort með binditíma í 6 mánuði samþykkt einhljóða. Ný gjaldskrá tekur gildi 1.janúar 2022.

### 5. Fjárhagsáætlun 2022

Komin upp áætlun fyrir 2022, samþykkt einhljóða.

## 6. Árshátíð

Árshátíð verður 8.jan 2022, verið að skoða hvaða salur myndi henta og hvort það ætti að hafa árshátíð opna með miðasölu eða bara fyrir starfsmenn/sjálfbóðaliða. Salirnir hafa verið frekar dýrir og allskonar skilyrði hafa fylgt (ekki mega koma með eigið áfengi ofl).

## 7. Önnur

Lokað 22-26.des til að mála veggina.

Erum að skipta yfir í Sportabler.

Fundi lokið kl.20.40.

*Fundaritari: Anita*